

**Samkomulag ASÍ og SA um tilhögun réttinda við breytingar
réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi**

Þeir lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyta úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda ávinnslu skulu veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða og greitt hafa iøgjöld í full 5 ártí til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með jafna réttindaávinnslu, rétt til þess að greiða iøgjöld til jafnar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs m.v. þær reglur sem gilda í viðkomandi sjóði. Þetta ákvæði á þó ekki við um sjóðsfélaga, sem þegar hafa fengið umtalsverða leiðréttiingu á lífeyrisréttindum sínum með afturvirkum hætti vegna breytinga yfir í aldurstengda ávinnslu í öðrum lífeyrissjóði.

Skipti einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði um starfsveettvang, þannig að hann færst milli starfstengdra lífeyrissjóða, skulu sjóðir sem við honum tekur og gert hafa samkomulag um gagnkvæma skiptingu réttinda, veita honum rétt til greiðslu sama viðmiðunariðgjalds til jafnar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs með sömu réttindum og aðrir sjóðsfélagar í þeim sjóði.

Standi einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði og skiptir um starfsveettvang, þannig að hann færst milli starfstengdra lífeyrissjóða, frammí fyrir því að glata umtalsverðum réttindum við að færast til sjóðs sem veitir honum einungis aldurstengd réttindi, öðlast hann rétt til þess að greiða áfram lífeyrissjóð til þess sjóðs þar sem hann hefur verði hjá til starfsloka óháð þeiri starfsgrein sem hann tilheyrir á hverjum tíma.

Komi til ágreinings milli sjóðsfélaga og viðkomandi lífeyrissjóðs varðandi fyrirkomulag réttinda við greiðslu iøgjalda til stigadeildar vegna umbreytingar kerfisins, getur sjóðsfélagi skotíð slikum ágreiningi til sérstakrar úrskurðanefndar lífeyrismála, sem samningaaðilar munu setja á laggímnar. Samningsaðilar munu setja sérstakar starfsreglur um skipan og starfsemi þessarar nefndar og skulu hafa um það samráð við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Reykjavík, 31. október 2005

Gretarsíða

A. Ólafsson